

Til fréttastjóra.

Í framhaldi af fréttamannafundi okkar 8. apríl sl. og vegna ummæla sem höfð voru eftir skrifstofustjóra Hæstaréttar í aðalsjónvarpsfréttum RUV í gærkvöldi sendum við undirritaðir, fyrrverandi verjendur tveggja sakborninga í Al Thani málinu, frá okkur neðangreinda yfirlýsingu. Með yfirlýsingunni fylgja tvö skjöl:

1. Samskipti okkar við Héraðsdóm Reykjavíkur vegna kæru úrskurðanna og sendingar kærumálgagna til Hæstaréttar.
2. Endurrit 194. gr. sakamálalaganna þar sem fram kemur hvernig staðið skuli að sendingu kæru og málgagna til Hæstaréttar.

## YFIRLÝSING


Í kvöldfréttum RUV í gær 9. apríl 2013 var haft eftir skrifstofustjóra Hæstaréttar að verjendur í Al Thani málinu hefðu fengið þann frest til þess að skila greinargerð sem þeir hafi átt að fá.

Tilfni ummælanna er að undirritaðir, fyrrverandi verjendur í málinu, höfum opinberlega sagt að við höfum ekki fengið lögmæltan sólarhringsfrest til þess að skila greinargerð í tveimur kærumálum sem dæmt var í sl. fimmtudag 4. apríl. Hæstiréttur tilkynnti okkur um dómuna kl. 13.23 þann dag eða 2 klst. og 43 mínútum eftir að okkur var tilkynnt frá Héraðsdómi Reykjavíkur að kærumálgögn hefðu verið send Hæstarétti.

Samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal kærandi beina kæru til héraðsdóms. Í 1. mgr. 194. gr. laganna segir að héraðsdómari skuli senda kærana til Hæstaréttar svo fljótt sem verða má ásamt endurriti úr þingbók og öðrum gögnum er varða kæruefnið. Samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar reiknast sólarhringsfrestur verjenda til þess að leggja fram greinargerð til Hæstaréttar frá því málið hefur borist Hæstarétti

Til þess að enginn þurfi að velkjast í vafa um hvernig þau samskipti voru sem vísað er til teljum við óhjákvæmilegt að birta samskipti okkar við Héraðsdóm Reykjavíkur sem urðu vegna kærunnar til Hæstaréttar. Undirstrikað skal að hvorki að lögum né í reynd tíðkast að kærandi eigi samskipti við skrifstofu Hæstaréttar vegna sendingar kærumálgagna frá héraðsdómi til Hæstaréttar.

Reykjavík, 10. apríl 2013

  
Gestur Jónsson hrl.

  
Ragnar H. Hall hrl.

194. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

194. gr. Ef héraðsdómari telur annmarka vera á kæru getur hann gefið kæranda skamman frest til að bæta úr henni. Að öðrum kosti sendir héraðsdómari kærana til Hæstaréttar svo fljótt sem verða má ásamt endurritum úr þingbók og öðrum gögnum málsins sem varða kæruefnið nema hann telji rétt að fella sjálfur úrskurð sinn úr gildi. Gögnin sendir héraðsdómari í fjórriti ásamt athugasemdum sínum ef hann vill.

Nú hefur kæru ekki verið lýst yfir í þinghaldi að viðstöddum gagnaðila kæranda og skal héraðsdómari þá tilkynna gagnaðilanum tafarlaust um hana, enda hafi ekki verið farið með málið án þess að honum væri kunnert um það. Hafi héraðsdómari ekki þegar sent Hæstarétti kærumálið getur hann um leið gefið gagnaðilanum kost á að afhenda sér skriflega greinargerð sem geymi kröfur hans og röksemdir. Heimilt er að láta skrifleg gögn fylgja þeirri greinargerð, enda sé þess getið þar hvað sanna eigi með þeim. Hafi greinargerð ekki verið afhent héraðsdómara áður en hann sendir Hæstarétti málgögnin skal henni beint til réttarins.

Aðilar kærumáls geta hvor eða hver fyrir sitt leyti sent Hæstarétti greinargerð með því efni sem greinir í 2. mgr. ásamt nýjum gögnum innan sólarhrings eftir að málið hefur borist réttinum. Aðili skal samhliða því senda gagnaðila sínum afrit af greinargerðinni, enda hafi ekki verið farið með málið fyrir héraðsdómi án þess að honum væri kunnert það.

**From:** Vilborg Á. Sigurðardóttir Héraðsdómur Reykjavíkur [mailto:vilborg.sigurdardottir@domstolar.is]  
**Sent:** 4. apríl 2013 10:40  
**To:** Almar Þ. Möller  
**Subject:** Kærugögn í S-127/2012

Sæll Almar

Kærugögn í S-127/2012 fóru frá okkur kl. 10:25 frá okkur til Hæstaréttar.

Kv.

Vilborg Sigurðardóttir

-----Original Message-----

From: Pétur Guðgeirsson Héraðsdómur Reykjavíkur [mailto:petur@domstolar.is]  
Sent: 3. apríl 2013 13:13  
To: Almar Þ. Möller  
Subject: FW: 2-S-2012-00127-FylgibrefKaeru-04

Sæll, Almar.

Þetta er komið í vinnslu. Fer í Hr. á morgun, líklega.

Kv.,

P

-----Original Message-----

From: Hugrún Ragnarsdóttir Héraðsdómur Reykjavíkur  
Sent: 3. apríl 2013 12:06  
To: Pétur Guðgeirsson Héraðsdómur Reykjavíkur  
Subject: FS: 2-S-2012-00127-FylgibrefKaeru-04

---

Frá: Almar Þ. Möller [almar@law.is]  
Sent: 2. apríl 2013 21:57  
To: Hugrún Ragnarsdóttir Héraðsdómur Reykjavíkur  
Efni: SV: 2-S-2012-00127-FylgibrefKaeru-04

Sæl Hugrún.

Ítreka ósk varnaraðila sem fram kemur í kærunum um að öll framlögð gögn frá og með þinghaldi 24. janúar sl. verði send með kærinni til Hæstaréttar.

Þá óska ég eftir að verða látinn vita þegar kærugögnin hafa borist Hæstarétti.

Kveðja  
Almar Möller

---

Frá: Hugrún Ragnarsdóttir Héraðsdómur Reykjavíkur [hugrun@domstolar.is]  
Sent: 2. apríl 2013 16:46  
Viðtakandi: Almar Þ. Möller; Hilmar Gunnarsson; Ólafur Freyr Frímansson  
Efni: FW: 2-S-2012-00127-FylgibrefKaeru-04

Sælir,



áframsendi þennan póst á ykkur þar sem ég fékk sjálfvirk svör frá verjendum í málinu.

Bestu kveðjur,  
Hugrún

From: Hugrún Ragnarsdóttir Héraðsdómur Reykjavíkur  
Sent: 2. apríl 2013 16:35  
To: 'gj@law.is'; 'hfh@law.is'; 'rhh@law.is'; [kax@lex.is](mailto:kax@lex.is); [bjorn@sersak.is](mailto:bjorn@sersak.is)  
Cc: Pétur Guðgeirsson Héraðsdómur Reykjavíkur  
Subject: 2-S-2012-00127-FylgibrefKaeru-04

Góðan dag,

móttækna hafa verið kærur vegna úrskurða í máli nr. S-127/2012. Kærugögn verða send Hæstarétti á morgun, 3. apríl 2013, sbr. meðfylgjandi afrit af fylgibréfi með kæru.

Bestu kveðjur,  
Hugrún

---

Hugrún Ragnarsdóttir dómritari.  
Héraðsdómi Reykjavíkur  
sími: 560-4914, 560-4900  
[hugrun@domstolar.is](mailto:hugrun@domstolar.is)<<mailto:bergthora@domstolar.is>>